

Skipulagsstofnun  
Matthildur B. Stefánsdóttir  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Reykjavík 1. júní 2018  
UST201805-262/B.S.  
10.05.07


**Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Hitaveitulögn frá Hjalteyri til Akureyrar. Umsögn**

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. Þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að leggja nýja lögn samhliða eldri hitaveitulögn sem lögð var 2003 þannig að áhrif sambærilegrar framkvæmdar á lagnaleiðinni eru þekkt. Aðeins verður vikið frá eldri lagnaleið á kafla um Hörgá að öðru leyti liggur lögnin um ræktað og óræktað landbúnaðarland.

Leitað hefur verið ráðgjafar fiskifræðings um verklag við þverun Hörgár og jafnframt hefur verið leitað álits Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi gróðurfar á fyrirhugaðri lagnaleið og er gert ráð fyrir nánari vettvangsskoðun áður en framkvæmdir hefjast til að velja bestu lagnaleið m.t.t. til áhrifa á gróður. Einnig mætti nýta þessa sérfræðipækkingu til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar þar sem lögnin liggur um votlendi.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

  
Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Virðingarfyllst

  
Sigrún Agústs dóttir  
Sviðsstjóri